



Jafnréttisstofa

*Ársskýrsla
Jafnréttisstofu
2006*

*Jafnréttisstofa : Borgum við Norðurlóð : 600 Akureyri
sími 460 6200 : bréfasími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is*

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Hlutverk og skipulag.....	6
Starfið 2006.....	7
<i>Helstu áherslumál ársins</i>	7
Evrópuverkefni.....	7
Jafnréttismál sveitarfélaganna.....	7
<i>Ráðgjöf og upplýsingar</i>	7
Einstaklingsmál.....	8
Jafnréttisáætlanir.....	8
<i>Skýrslur og umsagnir</i>	8
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.....	8
Umsagnir.....	9
Skýrslur fyrir alþjóðastofnanir.....	9
<i>Nefndir og vinnuhópar</i>	10
Nefnd um endurskoðun jafnréttislaga.....	10
Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	10
Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.....	10
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is.....	11
Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála.....	11
<i>Málþing og opnir fundir</i>	11
SMS – Lokaráðstefna.....	11
8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....	11
Umboðsmaður jafnréttismála í Noregi.....	11
Jafnrétti og sveitastjórnir.....	12
Mælistikur á launajafnrétti.....	12
Feðradagurinn.....	12
Útifundur á Ráðhústorgi.....	12
<i>Námskeið</i>	13
Námskeið um gerð jafnréttisáætlana.....	13
Námskeið og samskiptafundur fyrir nýskipaðar jafnréttisnefndir sveitarfélaganna.....	13
Jafnrétti í framkvæmd.....	13
<i>Verkefni</i>	13
Jafnréttiskennitalan.....	13
Karlur til ábyrgðar.....	14
Mælistikur á launajafnrétti.....	14
Sports, Media and Stereotypes (SMS).....	14
Modern Men in Enlarged Europe II.....	15
Fostering Caring Masculinities.....	15
Tea for Two: illustrating equality.....	15
<i>Útgáfa og vefsíða</i>	16
www.jafnretti.is.....	16
Við viljum gera betur – jafnrétti varðar okkur öll.....	16
Jafnrétta, fréttabréf um jafnréttismál.....	16
Nýr bæklingur um Jafnréttisstofu.....	17
Útgáfa á ensku.....	17
Bókakafnar.....	17
<i>Fjölmiðlatengsl</i>	17

Umfjöllun í fjölmiðlum.....	17
Blaðagreinar.....	18
<i>Fræðslufundir og erindi.....</i>	<i>18</i>
Heimsóknir á Jafnréttisstofu.....	18
Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu.....	18
<i>Norrænt samstarf.....</i>	<i>18</i>
Vefsvæði um jafnrétti kynjanna – norden.org/gender	18
Nefnd um kynjaða hagstjórn.....	19
NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum.....	19
<i>Samstarf innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.....</i>	<i>19</i>
Jafnréttisráð.....	20
Kærunefnd jafnréttismála.....	20

Formáli

Ár hvert er ársskýrsla Jafnréttisstofu er unnin er farið yfir stöðu mála og reynt að greina hvað einkenndi jafnréttismálin á liðnu ári. Í upphafi og í lok ársins 2006 var mikil umfjöllun í fjölmiðlum og samfélaginu öllu um konur og stjórnsmál. Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar vorið 2006 og jókst hlutur kvenna í sveitarstjórnnum úr 32% í 36%. Hlutur kvenna hefur ekki verið jafn mikill eftir sveitarstjórnarkosningar og er ástæða til að fagna því sérstaklega. Í tengslum við kosningarnar sendu félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa gátlista og áskorun til allra sveitarstjórna í landinu um að þær gættu jafnréttisjónarmiða við skipan í nefndir og ráð. Í sama bréfi var einnig boðað til fundar með jafnréttisnefndum sveitarfélaga sem haldinn var í Hveragerði í september. Markmið fundarins var að fræða nýjar jafnréttisnefndir, efla samstöðu þeirra og hvetja þær til dáða. Vonast er til að þetta skili sér í enn betra starfi hjá nefndunum um allt land. Á síðari hluta ársins fór aftur af stað umræða um konur og stjórnsmál í tengslum við prófkjör og uppstillingar á listum vegna alþingiskosninga vorið 2007.

Verkefni Jafnréttisstofu eru mjög fjölbreytileg og víðtæk. Í þessari ársskýrslu er að finna stutt yfirlit yfir öll helstu verkefni stofunnar. Ekki er unnt að gera grein fyrir öllum þeim málum sem stofan sinnir í þágu einstaklinga sem telja á sér brotið vegna kyns síns. Jafnréttisstofa veitir daglega ráðgjöf til opinberra aðila og fyrirtækja um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi þeirra.

Jafnréttisstofa hélt áfram að styrkja innviði stofunnar. Vinna við stefnumótun fyrir stofuna hófst og gerðar voru ýmsar úrbætur í starfsemi hennar. Heimasíðan hefur verið eflað og farið var af stað með nýtt fréttabréf undir nafninu *Jafnrétta*. Heimsóknir á heimasíðu stofunnar hafa aukist jafnt og þétt. Gengið var frá stofnanasamningum við stéttarfélög starfsmanna Jafnréttisstofu og haldið áfram við uppbyggingu skjalavörslukerfis.

Þær óvenjulegu aðstæður komu upp að þrír félagsmálaráðherrar störfuðu á árinu. Árni Magnússon hætti sem félagsmálaráðherra þann 7. mars og þá tók Jón Kristjánsson við. Jón lét síðan af embætti í 15. júní en þá tók Magnús Stefánsson við. Vill Jafnréttisstofa þakka þeim fyrir samstarfið. Ýmis stór verkefni voru í gangi þar sem ýmsir aðilar komu að og má þar nefna endurskoðun jafnréttislaganna, vinnuhóp sem starfaði við vottun jafnra launa, nýtt Evrópuverkefni um jafnréttisvog í sveitarfélögum, fyrstu úthlutun úr sérstökum rannsóknarsjóði og aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi gegn konum og börnum.

Eins og komið hefur fram var árið viðburðaríkt, en þó ber sérstaklega að nefna tvennt sem átti sér stað árinu. Annars vegar eru það slæmar fréttir á sviði jafnréttismála, en hins vegar góðar. Á árinu var kynnt niðurstaða úr könnun Capacent á kynbundnum launamun. Könnunin var sambærileg fyrri könnun sem gerð var árið 1994. Kynbundinn launamunur var kannaður í átta fyrirtækjum, þ.e. fjórum í einkageira og fjórum í opinbera geiranum. Í fyrri könnuninni reyndist kynbundin launamunur vera 16%, en í þeirra síðari 15,7%. Það er mjög slæmt að ekki þoki frekar í átt að jafnrétti þegar kemur að launamun kynjanna. Góðu fréttirnar eru þær að á árinu ákvað

ríkisstjórnin að tileinka einn dag á ári íslenskum feðrum. Feðradagurinn verður hér eftir haldinn hátíðlegur annan sunnudag í nóvember ár hvert. Mikilvægt er að við hömpum feðrum hér á landi líkt og tíðkast í löndunum í kringum okkur, sérstaklega í ljósi þess hve mikil þátttaka feðra er í fæðingarorlofi og þar af leiðandi í umönnun barna hér á landi.

Starfsfólk Jafnréttisstofu vill þakka hinum mörgu samstarfsaðilum stofunnar fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári. Stofan vill leggja sitt af mörkum til þess að ná því markmiði að jafnrétti náist á öllum sviðum samfélagsins og er tilbúin til að aðstoða þá sem leita til hennar í því sambandi.

Akureyri í maí 2007,
Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

Hlutverk og skipulag

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september 2000. Stofan starfar eftir reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu frá 2003.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2006 var: Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Anna Hallgrímsdóttir, Huguína R. Hjaltadóttir, Ingólfur V. Gíslason og Silja Bára Ómarsdóttir. Gísli Hrafn Atlason og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir störfuðu hjá stofunni í tímabundnum verkefnum á árinu 2006. Silja Bára og Gísli Hrafn luku störfum hjá stofunni á árinu.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, meðal annars með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, meðal annars með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar sem samþykkt var í ársbyrjun 2003.

Breyting var gerð á reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu nr. 47/2003 árið 2006 og var hún tvíþætt. Fyrri breytingin felur í sér viðbót við 16. gr. um óbeina mismunun en hún hljómar eftir breytingu svona: „Óbein mismunun er fyrir hendi þegar hlutlaust skilyrði, viðmið, *venja* eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlæt看legt vegna hlutlægra þátta óháð kyni.“ Síðari breytingin fól í sér nýja grein en hún er nr. 17 og hljómar svona: „Áreitni

byggð á kynferði er ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun sem tengist kynferði þess sem fyrir henni verður og er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Áreitni skv. 1. mgr. telst til mismununar eftir kynferði, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.“

Starfið 2006

Helstu áherslumál ársins

Evrópuverkefni

Á undanförunum árum hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í margvíslegum fjölþjóðlegum verkefnum innan ramma jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins. Á árinu lauk verkefninu *Sports, Media and Stereotypes* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir*, en það var unnið undir forystu Jafnréttisstofu. Stofan fékk einnig styrk til þess að leiða nýtt verkefni sem hefur hlotið nafnið *Tea for Two: illustrating equality* eða *jafnréttisvogin*. Á árinu tók stofan einnig þátt í tveimur verkefnum, annars vegar *Modern Men in Enlarged Europe II* og hins vegar *Focus; Fostering Caring Masculinities*. Nánar er sagt frá Evrópuverkefnum síðar í skýrslunni.

Jafnréttismál sveitarfélaganna

Á árinu voru sveitarstjórnarkosningar en í tengslum við þær var farið í sérstakt átak til þess að auka þátttöku kvenna í nefndum, ráðum og stjórnnum ásamt því að fræða nýjar sveitarstjórnir um ábyrgð þeirra í jafnréttismálum. Í samstarfi við félagsmálaráðuneytið var gefinn út bæklingurinn *Við viljum gera betur – jafnrétti varðar okkur öll*, en þar var farið yfir helstu lög og lykilatriði sem nýkjörnar sveitarstjórnir ættu að hafa í huga við stefnumótun í málefnum sveitarfélaganna. Í september boðuðu Jafnréttisstofa, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga nýskipaðar jafnréttisnefndir sveitarfélaganna á námskeið og samskiptafund í Hveragerði, en um hann verður fjallað nánar síðar í skýrslunni.

Ráðgjöf og upplýsingar

Til Jafnréttisstofu geta einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf um málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Þeim sem nota þessa þjónustu fjölgar í hlutfalli við aukna vitund þjóðarinnar um jafnréttismál og vitund um þjónustu Jafnréttisstofu. Margir hringja eða senda tölvuskeyti þar sem er spurt um hinar ýmsu upplýsingar um jafnréttismál. Oft getur starfsfólk stofunnar svarað beint, en stundum er vísað í rit eða á aðra aðila sem hafa dýpri þekkingu á málefninu. Á árinu var heimasíða Jafnréttisstofu eflað til að auðvelda aðgengi að rafrænum upplýsingum um jafnréttismál.

Einstaklingsmál

Jafnréttisstofa veitir bæði félagslega og lagalega ráðgjöf til einstaklinga. Flest af þeim málum sem stofunni berast eru einstaklingsmál. Jafnréttisstofa hefur markað sér þá stefnu að reyna ávallt að leysa málin með ráðgjöf um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem leita til stofnunnar. Stofan tekur einnig stundum að sér að ræða við eða eiga bréfaskipti við það fyrirtæki eða þá stofnun sem talin er hafa brotið gegn viðkomandi einstaklingi á grundvelli laganna. Í flestum tilvikum leysast málin á þennan hátt. Ef svo er ekki eða ef viðkomandi einstaklingur telur mikilvægt að fá álit kærunefndar þá aðstoðar stofan við undirbúning kæru.

Sem fyrr leita mun fleiri konur en karlar eftir ráðgjöf hjá Jafnréttisstofu, bæði vegna almennra erinda og vegna meintrar mismununar. Þó leita karlar í auknum mæli til stofnunnar. Greina má töluverða aukningu á milli ára á þeim fjölda erinda sem berast stofunni og eflaust má þakka það því að Jafnréttisstofa hefur fest sig í sessi sem stjórnáætlun- og ráðgjafaraðili um málefni er varða jafnrétti kynjanna. Á árinu leituðu 32 einstaklingar eftir lögfræðiaðstoð vegna hugsanlegra brota. Unnið hefur verið að því að styrkja skjalamál og koma á kerfi sem veitir betri yfirsýn um hvers eðlis erindin eru og hvernig þau eru leyst.

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa veitir ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana við gerð jafnréttisáætlana, en skv. 13. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 96/2000, ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Eins og undanfarin ár leituðu nokkur fyrirtæki og stofnanir aðstoðar stofnunnar við gerð jafnréttisáætlana. Einnig leituðu fulltrúar sveitarfélaga ráðgjafar og upplýsinga um gerð jafnréttisáætlana. Jafnréttisstofa veitir aðstoð og yfirlestur á jafnréttisáætlunum að kostnaðarlausu. Árið 2006 nýttu sjö aðilar sér þessa þjónustu að fullu. Jafnréttisstofa heldur einnig sérstök námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað, en um þau er fjallað síðar.

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Öðlaðist núverandi áætlun gildi vorið 2004 og gildir hún til 2008. Jafnréttisstofa er ráðuneytum og stofnunum ríkisins sem vinna að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum innan handar hvað varðar upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf. Einnig sinnir hún eftirliti með framgangi áætlunarinnar. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og skila skýrslu til stofnunnar um stöðu mála um hver áramót.

Á miðjum gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar á að endurskoða hana og skal leggja fram samhliða þeirri endurskoðun skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Þetta er gert til þess að fylgja eftir verkefnum hennar og gefa tækifæri til endurskoðunar á þeim verkefnum sem ekki skila tilætluðum árangri. Jafnréttisstofa hefur umsjón með verkefninu og vinnur skýrsluna í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Nánar má lesa um sérstök verkefni framkvæmdaáætlunarinnar á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Umsagnir

Mikilvægt er að jafnréttisumsögn fylgi sumum frumvörpum og þingsályktunum. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2006:

<i>Mál nr. 53</i>	Frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, brottvísun og heimsóknarbann
<i>Mál nr. 69</i>	Þingsályktunartillaga um stöðu hjóna og sambúðarfólks
<i>Mál nr. 70</i>	Þingsályktunartillaga um láglaunahópa og hlut þeirra í tekjuskiptingu
<i>Mál nr. 224</i>	Þingsályktunartillaga um kynbundinn launamun
<i>Mál nr. 279</i>	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, sameiginleg forsjá barns o.fl.
<i>Mál nr. 365</i>	Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, heimilisofbeldi
<i>Mál nr. 404</i>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög
<i>Mál nr. 436</i>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög
<i>Mál nr. 520</i>	Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði
<i>Mál nr. 712</i>	Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot

Starfsfólk Jafnréttisstofu er einnig beðið um að veita umsögn sína um tiltekin mál sem skipuð hefur verið nefnd um. Á árinu 2006 hittu starfsfólk Jafnréttisstofu eftirfarandi nefndir:

- Nefnd um tillögur að heildarendurskoðun laga um grunnskóla nr. 66/1995, með síðari breytingum.
- Nefnd um tillögur að heildarendurskoðun laga um leikskóla nr. 78/1994, með síðari breytingum.

Skýrslur fyrir alþjóðastofnanir

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnréttismál. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Hér ber að nefna nokkra samninga:

CEDAW – Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum. Ísland er aðili að CEDAW-samningnum (Convention on the

Elimination of All Kinds of Discrimination against Women) og ber að gera sérfræðinganevnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stöðu jafnréttismála í landinu á fjögurra ára fresti.

ILO – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuástandafunduninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála.

Mannréttindanevnd Evrópuráðsins – Í ágúst 2006 barst erindi frá Evrópuráðinu þar sem óskað var eftir svörum við spurningum um löggjöf á Íslandi varðandi ofbeldi gegn konum. Spurningalistinn var yfirgripsmikill og vinnan við að svara honum fræðandi. Á nokkrum sviðum er staðan á Íslandi þokkaleg miðað við það sem gengur og gerist í Evrópu, en víða má gera mun betur.

Nefndir og vinnuhópar

Nefnd um endurskoðun jafnréttis laga

Ráðherra skipaði nefnd með fulltrúum allra flokka til að endurskoða jafnréttislögin. Í nefndinni voru Guðrún Erlendsdóttir formaður, Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, Bryndís Bjarnason, tilnefnd af þingflokki Framsóknarflokksins, Bjarni Benediktsson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Möður Árnason, tilnefndur af þingflokki Samfylkingarinnar, Daníel Helgason, tilnefndur af þingflokki Frjálslynda flokksins, og Valgerður H. Bjarnadóttir, tilnefnd af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Umboð nefndarinnar var víðtækt.

Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Í samráðshópi um jafnréttismál sveitarfélaga situr fulltrúi frá Jafnréttisstofu ásamt fulltrúa frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga, sviðsstjóra þróunarviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeim jafnréttisráðgjöfum sem starfa hjá sveitarfélögum. Þessi sveitarfélög eru Akureyrarbær, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær. Meginhlutverk hópsins er að undirbúa landsfund jafnréttisnefnda einu sinni á ári í samvinnu við Jafnréttisstofu og það sveitarfélag sem heldur fundinn. Á árinu hefur einnig starfað undirbúningshópur að samstarfsverkefni um jafnrétti og skólastarf.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Regluleg samskipti eru milli Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Fulltrúar Jafnréttisstofu sækja, þegar mögulegt er, reglulega samráðsfundi jafnréttisfulltrúanna. Á árinu 2006 fólst samstarfið aðallega í eftirliti með framkvæmd áætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til fjögurra ára, endurskoðun hennar og gerð skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Þá fundaði starfsmaður Jafnréttisstofu með hverjum og einum jafnréttisfulltrúa til að meta verkefni framkvæmdaáætlunar fyrir endurskoðun hennar. Einnig sóttu fulltrúarnir vinnudag hjá stofunni í upphafi árs til að samræma starfið á árinu.

Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um kvennagagnabanka. Kvennagagnabankinn www.kvennaslodir.is varð aðgengilegur á netinu árið 2003. Bankinn hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið hæfar konur til margvíslegra starfa á fljótvirkan hátt. Jafnréttisstofa hefur styrkt þetta verkefni fjárhagslega.

Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála

Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála á Bifröst var stofnsett formlega 28. maí 2005. Markmið rannsóknarsetursins er að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar- og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum. Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu hefur setið í stjórn setursins.

Málþing og opnir fundir

SMS – Lokaráðstefna

Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins *Sports, Media and Sterotypes* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir* var haldin á Hótel Loftleiðum þann 20. janúar. Fulltrúar samstarfslandanna Íslands, Noregs, Austurríkis, Litháens og Ítalíu kynntu niðurstöður sínar ásamt því að fræðsluefni fyrir íþróttafréttamenn, íþróttakennara og þjálfara var kynnt. Ráðstefnustjóri var Krístrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins og stjórnarmaður í framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Stjórnandi pallborðsumræðna var Samúel Örn Erlingsson, deildarstjóri íþróttadeildar Ríkisútvarpsins. Nánar má lesa um ráðstefnuna á heimasíðu verkefnisins www.jafnretti.is/sms

8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í tilefni dagsins efndi Jafnréttisstofa ásamt Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, Reykjavíkurborg og Jafnréttisráði til hádegisverðarfundar á Grand Hótelu í Reykjavík. Yfirskrift fundarins í ár var *konur og hnattvæðing*.

Umboðsmaður jafnréttismála í Noregi

Hinn 6. apríl kom Beate Gangås, umboðsmaður jafnréttismála í Noregi, til Íslands. Í tengslum við heimsóknina hélt hún opið erindi um hið nýja umboðsmannaembætti sem tók til starfa 1. janúar 2006, verkefni þess, þróun og möguleikana sem skapast þegar unnið er á grundvelli ólíkrar réttindalöggjafar. Umboðinu er ætlað að berjast gegn mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar, aldurs o.fl., auk þess að stuðla að jafnrétti á þessum sviðum.

Jafnrétti og sveitastjórnir

Hinn 11. maí stóð Kvenréttindafélag Íslands ásamt Jafnréttisstofu og jafnréttis- og fjölskyldunefnd Akureyrarbæjar fyrir opnum fundi um jafnrétti og sveitarstjórnir í tilefni sveitarstjórnarkosninganna. Elín M. Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri Háskólans á Akureyri, var fundarstjóri en Hildur Helga Gísladóttir og Margrét Steinarsdóttir fluttu erindi um sögu og starf Kvenréttindafélags Íslands. Hjördís Sigursteinsdóttir, oddviti Arnarneshrepps, fjallaði um reynslu sína af sveitarstjórnarstörfum, Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri á Jafnréttisstofu, talaði um samstarf og eftirlit stofunnar með jafnréttismálum sveitarfélagana, Margrét Kristín Helgadóttir háskólanemi kynnti starf Femínistafélags Akureyrar og að lokum talaði Gerður Jónsdóttir bæjarfulltrúi um jafnréttisstarf í sveitarfélögum.

Mælistikur á launajafnrétti

Hinn 17. maí voru kynntar niðurstöðum norræna verkefnisins *På sporet av likelön*. Málþing var haldið á vegum félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisstofu í Þjóðminjasafninu, en verkefnið sjálft var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Meginmarkmið þess var að auka þekkingu og skilning á launamun kynjanna á Norðurlöndunum en nánar er fjallað um það í kaflanum um verkefni stofunnar. Jón Kristjánsson, þáverandi félagsmálaráðherra, opnaði málþingið. Lilja Mósesdóttir verkefnisstjóri kynnti niðurstöður verkefnisins, Andrea G. Dofradóttir fjallaði um rannsóknir á launamun kynjanna á Norðurlöndum og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir fjallaði að lokum um aðgerðir til að draga úr launamun kynjanna. Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, var fundarstjóri.

Feðradagurinn

Hinn 12. nóvember var feðradagurinn haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti á Íslandi. Í tilefni af því hélt Félag ábyrgra feðra ráðstefnu í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofu. Umfjöllunarefnið var staða feðra og barna á Íslandi. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra opnaði ráðstefnuna en aðrir ræðumenn voru Gísli Gíslason, formaður Félags ábyrgra feðra, dr. Sigrún Júlíusdóttir og Tom Beardshaw. Frú Vigdís Finnbogadóttir var heiðursgestur ráðstefnunnar og Pálmi Sigurðsson var fundarstjóri.

Útifundur á Ráðhústorgi

Hinn 8. desember var haldinn útifundur á Ráðhústorgi á Akureyri. Sá fundur var hluti af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi, en markmið þess er að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim hafa nýtt átakið til að krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, til að styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda. Þá hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Meðal dagskráratriða voru stutt ávörp þekktra bæjarbúa og söngur barnakóra, auk þess sem kveikt var á kertum fyrir fórnarlömb kynbundins ofbeldis. Kertin voru seld á torginu og rann ágóðinn til Afslins, systursamtaka Stígamóta á Akureyri. Þau félög sem stóðu að útifundinum ásamt Jafnréttisstofu voru

Zontaklúbburinn Þórunn Hyrna, Zontaklúbbur Akureyrar, Femínistafélag Akureyrar, Aflið – systursamtök Stígamóta, Menntasmiðja kvenna, UNIFEM á Íslandi, Kvennasamband Eyjafjarðar, samfélags- og mannréttindaráð Akureyrarbæjar, Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélags Íslands, Norðurlandsdeild Hjúkrunarfélags Íslands og Ladies Circle á Íslandi.

Námskeið

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin voru ekki auglýst sérstaklega í ár heldur voru þau ákveðin í samræmi við eftirspurn.

Námskeið um gerð jafnréttisáætlana

Námskeiðin sem Jafnréttisstofa býður upp á eru um það bil fjórar klukkustundir að lengd og fjalla um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðin eru bæði í formi fyrirlestra og verkefnavinnu. Árið 2006 voru haldin sex slík námskeið fyrir opinbera aðila og einkaaðila.

Námskeið og samskiptafundur fyrir nýskipaðar jafnréttisnefndir sveitarfélaganna

Dagana 21. og 22. september boðuðu Jafnréttisstofa, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga nýskipaðar jafnréttisnefndir sveitarfélaganna á námskeið og samskiptafund í Hveragerði. Á fundinum var fjallað um gerð jafnréttisáætlana, verkefni ólíkra sveitarfélaga, möguleg samstarfsverkefni og samvinna til næstu fjögurra ára var skipulögð.

Jafnrétti í framkvæmd

Jafnréttisstofa hélt námskeiðið *jafnrétti í framkvæmd* dagana 31. október og 1. nóvember 2006 í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Endurmenntun Háskóla Íslands. Námskeiðið var ætlað forstöðumönnum, starfsmannastjórum, jafnréttisfulltrúum stofnana og öðrum sem skipuleggja, innleiða eða stjórna jafnréttismálum hjá ríkisstofnunum.

Verkefni

Jafnréttisstofa vinnur að ýmsum ólíkum verkefnum, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra. Ekki er pláss til að telja þau öll upp, en nokkur ber þó að nefna sérstaklega.

Jafnréttiskennitalan

Rannsóknasetur vinnuréttar- og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst stendur að jafnréttiskennitölunni í samstarfi við viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu. Markmið verkefnisins er að búa til mælikvarða á árangur fyrirtækja í jafnréttismálum. Á árinu 2006 var kennitalan birt í fyrsta skipti en þar eru upplýsingar um stöðu jafnréttismála í 100 stærstu fyrirtækjum landsins

miðað við veltu fyrir árið 2005. Kennitöluna má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Karlar til ábyrgðar

Á árinu tók verkefnið *karlar til ábyrgðar* formlega til starfa á ný eftir nokkuð hlé. Hér er um að ræða sérhæft meðferðartilboð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Reynslan af slíku meðferðarstarfi er góð bæði hér á landi og erlendis, en talið er að árlega séu um 1.100 íslenskar konur beittar ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Sálfræðingar annast meðferðarstarfið, en markmið verkefnisins er að veita körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð, séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar. Áhersla er lögð á að gerendur komi sjálfviljugir í meðferð og axli sjálfir ábyrgð á ofbeldinu. Meðferðin byggist á einstaklingsviðtölum og hópmeðferð og getur staðið frá sex mánuðum til tveggja ára. Upplýsingar um viðtöl og meðferðir eru veittar í Hjálparsíma Rauða krossins í síma 1717, en einnig má hafa beint samband við sálfræðingana Einar Gylfa Jónsson og Andrés Ragnarsson.

Samhliða meðferðarstarfinu er starfandi sérstök verkefnisstjórn með þátttöku Jafnréttisstofu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Samtaka um Kvænnaathvarf. Fulltrúi Jafnréttisstofu er verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og standa fyrir mati á árangri verkefnisins.

Mælistikur á launajafnrétti

Jafnréttisstofa tók þátt í norræna verkefninu *På spåret av likalön* eða *mælistikur á launajafnrétti*, en Ísland hafði frumkvæði að verkefninu innan Norrænu ráðherranefndarinnar og var það í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum árið 2004. Verkefninu lauk á árinu.

Meginmarkmið verkefnisins var að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa ásamt því að setja fram tillögur til úrbóta. Tillögurnar voru unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa Evrópusambandsins á þessu sviði. Verkefnisstjóri var dr. Lilja Mósesdóttir, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Jafnréttisstofa sá um umsýslu verkefnisins. Niðurstöður verkefnisins hafa nú verið birtar og má nálgast þær á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Sports, Media and Stereotypes (SMS)

Á árinu lauk Evrópuverkefninu *Sports, Media and Stereotypes* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir*. Verkefnið samanstendur af rannsókn sem gerð var í fimm Evrópulöndum á staðalímyndum og endurspeglun kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum, en vinna við það hófst í nóvember 2004. Niðurstöður rannsóknarinnar voru notaðar til að hanna fræðsluefni fyrir íþróttufréttamenn, íþróttakennara og þjálfara. Fræðsluefnið verður gefið út á margmiðlunarformi. Markmið fræðsluefnisins er að hvetja til breytinga á birtingamyndum kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum með því að auka meðvitund um áhrif einsleitrar endurspeglunar af íþróttakonum og

körlum. Verkefninu lauk formlega með ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í janúar 2006 og fjallað var um hér að framan.

Jafnréttisstofa stjórnaði þessu verkefni en samstarfsaðilar komu frá stofnunum í Noregi, Austurríki, Litháen og á Ítalíu. Samstarfsaðilar verkefnisins á Íslandi voru Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, námsbraut í fjölmiðlafræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Samtök íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Niðurstöðurnar og fræðsluefnið má finna á heimasíðu verkefnisins www.jafnretti.is/sms

Modern Men in Enlarged Europe II

Jafnréttisstofa var þátttakandi í Evrópuverkefninu *Modern Men in Enlarged Europe II: Family-Friendly Policies*. Litháen leiddi verkefnið en Danmörk og Ítalía voru einnig þátttakendur. Markmið verkefnisins var að skoða hvaða samfélagslegu breytingar geti haft veruleg áhrif til að auka möguleika karla til að samþætta fjölskyldulíf og atvinnulíf og stuðli þannig að auknu kynjajafnrétti.

Á Íslandi voru tekin viðtöl við átta pör á vinnumarkaði og 10–15 atvinnurekendur. Jafnframt var gerð almenn spurningakönnun með um 1.000 þátttakendum. Meðal afurða verkefnisins verður bæklingur sem leiðbeinir um bestu leiðir fyrirtækja og stofnana til að jafna fjölskylduábyrgð milli kynjanna. Verkefninu lauk í árslok 2006. Heimasíða verkefnisins er www.dadcomehome.org en þar og á www.jafnretti.is má nálgast skýrsluna og frekari upplýsingar um verkefnið.

Fostering Caring Masculinities

Jafnréttisstofa er þátttakandi í Evrópuverkefni sem ber heitið *Fostering Caring Masculinities* (FOCUS). Ásamt Íslandi eru Noregur, Slóvenía, Spánn og Þýskaland þátttakendur og er verkefnið leitt af Norðmönnum. Verkefnið miðar að því að greina hvaða hindranir séu í vegi fyrir því að karlar taki meiri þátt í fjölskyldulífi og þá sérstaklega hvað varðar atvinnulífið. Jafnframt verður skoðað hvort um sé að ræða raunverulegar hindranir eða hvort þáttökuleysið stafi frekar af því að málin séu ekki tekin upp og rædd. Með því er átt við það hvort starfsmenn gefi sér til dæmis að yfirstjórnin sé neikvæð gagnvart möguleikum til að hliðra til vegna fjölskylduáðstæðna frekar en að sú neikvæðni sé raunverulega til staðar.

Verkefnið hófst í nóvember 2005 en því lýkur í febrúar 2007. Heimasíða verkefnisins er <http://www.caringmasculinities.org/> en þar og á www.jafnretti.is má nálgast útgefið efni og frekari upplýsingar um verkefnið.

Tea for Two: illustrating equality

Jafnréttisstofa hóf í ár vinnu að nýju Evrópuverkefni sem ber heitið *Tea for Two: illustrating equality* en það hefur hlotið íslenska nafnið *jafnréttisvögin*. Verkefnið er unnið í samstarfi við Búlgaríu, Finnland, Grikkland og Noreg. Markmið verkefnisins er að safna gögnum um þátttöku kynjanna í sveitarstjórnnum og þróa tæki til gagnaöflunar og mælingar. Þetta á að gera upplýsingarnar aðgengilegar og sýnilegar almenningi, til að hvetja

sveitarstjórnir til að gæta jafnréttis og fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála hjá sveitarfélögunum. Vinnan að verkefninu er enn á byrjunarstigi. Heimasíða verkefnisins er <http://www.tft.gender.is/>

Útgáfa og vefsíða

www.jafnretti.is

Reglulega eru birtar fréttir og upplýsingar á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is Undir lok ársins 2005 var samið við fyrirtækið D10 um hönnun nýrrar síðu, en hún var tekin í notkun 24. febrúar 2006. Í maí var fjárfest í teljara fyrir heimsíðuna svo unnt væri að fylgjast með heimsóknnum og notkun síðunnar. Að meðaltali heimsækja 1.500 manns síðuna á mánuði. Þeim fjölgaði þegar líða tók á árið og voru innlitin á síðuna 1.964 í desember. Flestar heimsóknir, fyrir utan upphafs- og fréttasíðu, fékk rafræn útgáfa, undir liðnum lesefni. Á árinu voru birtar 114 fréttir á síðunni en hver þeirra fékk frá einni til 327 heimsóknir. Flestar fréttir fá þó á bilinu 150–250 heimsóknir.

Þetta er í samræmi við það markmið sem Jafnréttisstofa hefur sett sér. Áhersla er lögð á líflega heimasíðu með nýjum fréttum og öflugri rafrænni útgáfu til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um jafnréttismál. Einnig eru bundnar vonir við að atburðadagatal Jafnréttisstofu verði að reglulegum viðkomustað áhugafólks um jafnréttismál.

Við viljum gera betur – jafnrétti varðar okkur öll



Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí fannst Jafnréttisstofu og félagsmálaráðuneytinu tilvalið að skora á nýkjörnar sveitarstjórnir að huga að jafnrétti kynjanna við stefnumótun í málefnum sveitarfélagana og skipan í nefndir, ráð og stjórnir sem starfa innan þeirra. Nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum var sendur bæklingur þar sem kynnt voru helstu lykilatriði sem ber að hafa í huga þegar jafnréttismál sveitarfélaganna eru skoðuð.

Einnig fylgdi bæklingnum boð á fræðslufund sem haldinn var í september og könnun var undirbúin til að kanna árangurinn. Bæklingurinn er aðgengilegur á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Jafnrétta, fréttabréf um jafnréttismál

Á árinu var ákveðið að gefa út fréttabréf um starfsemi tengda Jafnréttisstofu og jafnréttismálum. Fyrsta fréttabréfið kom út í mars, en þar var ný heimasíða stofunnar kynnt. Síðar á árinu komu út tvö fréttabréf og hefur verið ákveðið að halda þeirri útgáfu áfram.

Nýr bæklingur um Jafnréttisstofu



Á árinu var lagður grunnur að nýjum upplýsinga- og kynningabæklingi Jafnréttisstofu. Ákveðið var að gefa hann út bæði á íslensku og ensku, en hann fór í prentun rétt fyrir síðustu áramót.

Útgáfa á ensku

Á árinu var ákveðið að gefa út á ensku upplýsingabækling um skipan jafnréttismála á Íslandi í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Í kjölfarið á því var ákveðið að gefa einnig út bækling með tölulegum upplýsingum um konur og karla á Íslandi í samstarfi við Hagstofu Íslands. Útgáfan er fyrirhuguð í þrjú árs 2007.

Bókakaflar

Í kjölfar Evrópuverkefnanna eru rannsóknir þeirra birtar. Á árinu skrifaði starfsfólk Jafnréttisstofu eftirfarandi bókakafla:

- On Reconciliation of Gender Equality and Daily Routines in Iceland. *Between Paid and Unpaid Work: Family Friendly Policies and Gender Equality in Europe*. Gísli Hrafn Atlason, 2006.
- *FOCUS, Fostering Caring Masculinities, Icelandic National Report*, Ingólfur V. Gíslason, 2006.
- Changed laws – changed behavior. *FOCUS, Fostering Caring Masculinities, Conference Report*. Ingólfur V. Gíslason, 2006.

Fjölmiðlatengsl

Jafnréttisstofa telur mikilvægt að taka þátt í samfélagslegri umræðu með birtingu blaðagreina, kynningum og auglýsingum þegar við á. Nokkur fjöldi tilvitnana í starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi innan lands og utan, auk þess sem starfsfólkið hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna. Viðtöl við starfsfólk hafa birst í flestum innlendum miðlum og erlendis meðal annars í Austurríki, á Spáni og Bretlandi.

Umfjöllun í fjölmiðlum

Á árinu birtust 55 fréttir eða greinar þar sem vísað var á einn eða annan hátt til Jafnréttisstofu. Af þeim voru 37 birtar í prentmiðlum en 18 í ljósvakamiðlum. Of langt mál er að telja þær allar upp hér en hægt er að greina ákveðin endurtekin þemu í umfjölluninni á árinu. Þau eru konur og sveitarstjórnir, kosningar, feður og fæðingarorlof, vinnu- og vinnustaðamenning, launamunur kynjanna og launajafnrétti, kynbundið ofbeldi, klámvæðing og endurskoðun jafnréttislaganna.

Blaðagreinar

- Nútímalýðræði. Hugrún R. Hjaltadóttir, Morgunblaðið 20. janúar, bls. 34.
- Nútímakarlar eru uppalendur barna sinna. Ingólfur V. Gíslason, Ábyrgir feður, 1. tbl., 1. árg. maí
- Takk fyrir mig! Hugrún R. Hjaltadóttir, 19. júní, bls. 20.
- Gerum betur. Hugrún R. Hjaltadóttir og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Morgunblaðið 19. október, bls. 38.
- Karlar til ábyrgðar. Ingólfur V. Gíslason, Fréttablaðið 28. nóvember.

Fræðslufundir og erindi

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Ýmsir aðilar sóttu Jafnréttisstofu heim á síðasta ári, jafnt erlendir gestir sem innlendir. Slíkar heimsóknir eru alltaf áhugaverðar og koma upp áhugaverðar umræður um jafnréttismál, þróun þeirra og hverjar eru mögulegar lausnir á hinum ýmsu vandamálum. Í ár voru áberandi heimsóknir nemenda og ungs fólks en einnig ber að nefna jafnréttisnefnd Tryggingastofnunar ríkisins sem eyddi heilum degi á Jafnréttisstofu til að fræðast um jafnréttismál.

Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan lands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan hefur verið samstarfaðili að. Áhugavert er að flest þeirra erinda sem flutt eru erlendis eru um íslenska fæðingarorlofskerfið og nýtingu feðra á rétti sínum, enda hefur þátttaka feðra í fæðingarorlofi vakið mikla athygli út fyrir landsteinana.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, fæðingarorlofinu, vinnustaðameningu og kynbundnu ofbeldi.

Norrænt samstarf

Ísland tekur þátt í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála en félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Þar má helst nefna embættismannanefndina „Äk-JÄM“ sem hittist reglulega. Einnig hittast jafnréttisráðherrar landanna árlega á fundi. Jafnréttisstofa hélt samnorrænan fund umboðsmanna jafnréttismála dagana 6. og 7. apríl og mættu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum og að auki fulltrúar frá Færeyjum og Grænlandi.

Vefsvæði um jafnrétti kynjanna – norden.org/gender

Norræna ráðherranefndin heldur úti vefsvæði þar sem sérstaklega er fjallað um jafnrétti kynjanna. Markmið vefsvæðisins er að miðla upplýsingum um hvernig

unnið er að því að jafna hlut kynjanna á Norðurlöndum. Því er ætlað að vera upplýsingaveita um aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði ásamt því að birta hagtölur, lög, lagabreytingar, nýjungar, greinargerðir, verkefni og skoðanir. Vefsvæðið má finna á slóðinni <http://gender.norden.org>

Nefnd um kynjaða hagstjórn

Fulltrúar frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sitja í nefnd um kynjaða hagstjórn (samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagavinnu). Verkefni hópsins er að skoða dreifingu á fjármagni með hliðsjón af kynferði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, en hingað til hefur lítið verið vitað hvernig fjármagnið dreifist með tilliti til kynja. Sérstakur vinnuhópur sinnir verkefningu á Íslandi, en það skoðar dreifingu útgjalda til öryrkja á Íslandi. Í íslenska vinnuhópnum eiga einnig sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins. Drög að skýrslu voru unnin á árinu og verður hún gefin út árið 2007.

NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum

NIKK er norræn rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum með aðsetur í Osló. Jafnréttisstofa tilnefnið aðila til stjórnar NIKK ásamt Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK). Nánari upplýsingar um NIKK má finna á slóðinni <http://www.nikk.uio.no/>

Samstarf innan Evrópu og á alþjóðavettvangi

Jafnréttisstofa tekur einnig þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi en stofan á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (CDEG), ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál, framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál og í vinnuhóp EFTA um jafnréttis og fjölskyldumál. Stofan á einnig aðild að kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) en Ísland á nú sæti í nefndinni.

Jafnréttisráð

Gott samstarf er milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs, þrátt fyrir að engin formleg tengsl séu milli þeirra samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi Jafnréttisráðs og stofunnar leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð sem samsvarar hálfu starfi. Heimasíða ráðsins er <http://jafnrettisrad.jafnretti.is>

Kærunefnd jafnréttismála

Engin formleg tengsl eru á milli Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið við að útbúa kærur til kærunefndar. Stofan heldur einnig utan um málalyktir og fylgir málum eftir óski kærandi þess.

Árið 2006 bárust kærunefndinni tólf mál. Nefndin úrskurðaði í tíu málum sem bárust til hennar á árunum 2005 og 2006, en af þeim taldi hún vera brot á jafnréttislögum í tveimur þeirra. Álit nefndarinnar má nálgast á slóðinni <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>